

# Verklagsreglur Auður Capital hf. um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla



- Inngangur** Auður Capital hf. (hér eftir nefnt “Auður” eða “Félagið”) er fjármálafyrirtæki sem er starfrækt á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu, á grundvelli 1. mgr. 2. gr., sbr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Félagið er ekki aðili að kauphöll, á ekki eigin viðskipti né hefur heimild til verðbréfamiðlunar. Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli 18. og 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla er átt við þá skyldu sem hvílir á Auði Capital til þess að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sínum sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Auður Capital mun leita allra skynsamlegra leiða í samræmi við lög, reglur og þessar verklagsreglur til að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

- Gildissvið** Verklagsreglurnar eiga við um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og ná bæði til almennra fjárfesta og fagfjárfesta. Reglur þessar gilda ekki um viðurkennda gagnaðila.

Reglurnar gilda um framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir viðskiptavinum Auður Capital hf.

Í reglum þessum er því lýst á hvaða mörkuðum Auður Capital mun almennt framkvæma viðskiptafyrirmæli viðskiptavina sinna þegar viðskiptavinir óska ekki eftir sérstakri framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Reglum þessum er ætlað að ná yfir framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir allar tegundir fjármálagerna eins og það hugtak er skilgreint í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Sú stefna sem mörkuð er í reglum verður að skoðast í því ljósi að henni er ætlað að ná til bæði almennra fjárfesta og fagfjárfesta, allra tegunda fjármálagerna, mismunandi markaða og mismunandi fyrirmæla. Í reglum er því ekki tæmandi talning á öllum þeim þáttum sem litið er til við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og hvernig þau eru metin í hverju tilviki fyrir

sig, heldur er með reglunum mörkuð ákveðin stefna og lagðar ákveðnar línur svo viðskiptavinir Auðar Capital átti sig í heild á því hvernig fyrirmæli þeirra eru framkvæmd og besta framkvæmd tryggð.

Með “framkvæmd viðskiptafyrirmæla” er átt við þær aðstæður þegar viðskiptavinur treystir Auði Capital til þess að gæta hagsmuna sinna með tilliti til verðs, hraða og annarra þátta við framkvæmd viðskipta fyrir sína hönd. Þetta nær til þess þegar Auður Capital:

- a) Framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar;
- b) Móttækur fyrirmæli frá viðskiptavini;
- c) Á viðskipti við aðra aðila með fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina.

### 3. Um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla

#### 3.1. Þættir sem litið er til og vægi þeirra:

Með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í reglum þessum er átt við þá skyldu sem hvílir á Auði Capital til þess að tryggja bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla mun Auður leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Það verður gert með því að framfylgja verklagsreglum þessum og ferlum á þeim byggðum sem eru hannaðir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs og eðlis viðskipta og annarra þátta sem máli skipta (e. Execution factors).

Verð í viðskiptum hefur að öllu jöfnu mest vægi við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Í sumum tilvikum er þó mögulegt að Auður meti aðstæður svo að aðrir þættir en verð séu mikilvægari við að tryggja bestu niðurstöðu.

Við mat á því hvort og hvaða áhrif ofangreindir þættir hafa er litið til eftirfarandi viðmiðana:

- d) Hvernig viðkomandi viðskiptavinur er flokkaður samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti;
- e) Tegundir fjármálagerninga;
- f) Einkenna fyrirmæla viðskiptavinar og
- g) Einkenna þeirra markaða þar sem framkvæma má viðskiptafyrirmælin.

Þessi tilvik kunna að varða suma viðskiptavini eða eiga við vegna sérstakra aðstæðna, einstakra fyrirmæla, fjármálagerninga eða markaða.

Í viðauka II er að finna yfirlit um aðferðir sem Auður Capital beitir til að ákvarða hlutfallslegt milivægi framangreindra þátta.

#### 3.2. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Hafi viðskiptavinur ekki beint til Auðar ákveðnum fyrirmælum um framkvæmd viðskipta, verða viðskiptafyrirmæli framkvæmd með viðskiptum

við þriðja aðila sem Auður hefur gert samning við um að framkvæma viðskiptafyrirmæli fyrir sína hönd á markaði. Auður mun eingöngu gera samstarfssamninga við viðurkennda verðbréfamiðlara á viðeigandi mörkuðum sem vinna samkvæmt viðurkenndum reglum.

### **3.3. Besta niðurstaða miðað við aðstæður**

Þrátt fyrir að leitað verði allra eðlilegra leiða til þess að ná sem bestri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum, miðað við þau úrræði sem til staðar eru og þær aðstæður sem starfað er við, getur Auður Capital ekki tryggt að í hverju tilviki verði alltaf um að ræða bestu niðurstöðu. Fari starfsfólk Auðar Capital eftir reglum þessum í einu og öllu verður almennt litið svo á að félagið hafi fullnægt skyldu sinni um að tryggja viðskiptavinum sínum bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

### **3.4. Viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd**

Þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskipta munu þau vera framkvæmd til samræmis við fyrirmæli viðskiptavinarins. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að þegar hann mælir fyrir um ákveðna framkvæmd er Auður Capital ekki skuldbundin til að gæta að öllum þeim þáttum sem taldir eru í verklagsreglum þessum til að ná bestu mögulegu niðurstöðu en félagið hefur þó alltaf að leiðarljósi að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna.

## **4. Markaðir 4.1. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla á verðbréfamörkuðum**

Það er meginregla að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á skipulögðum verðbréfamörkuðum fyrir milligöngu verðbréfamíðlara. Auður Capital velur þessa leið sem meginreglu þar sem á skipulögðum markaði er verðlagning verðbréfa gagnsæ, hraðinn við afgreiðslu viðskipta mikill, auðvelt að átta sig á kostnaði við að afla viðskiptanna og líkurnar á því að viðskiptin komist á eru almennt miklar. Auður Capital er ekki aðili að skipulögðum verðbréfamarkaði..

Auður Capital hefur þegar gert og hyggst gera fleiri samninga við ótengd fjármálafyrirtæki og markaðsvaka sem munu framfylgja fyrirmælum Auðar Capital fyrir hönd viðskiptavina félagsins. Auður Capital mun kappkosta að velja samningasaðila sína á þann hátt að hagsmuna viðskiptavinar verði gætt.

Listi yfir markaði þar sem Auður Capital framkvæmir almennt viðskiptafyrirmæli miðað við einstakar tegundir fjármálagerninga er að finna í Viðauka I með þessum reglum. Auður telur að með því að framkvæma viðskiptafyrirmæli á þessum mörkuðum náist almennt besta mögulega niðurstaða fyrir viðskiptavinum. Listinn er ekki tæmandi og Auður Capital áskilur sér rétt til að nota aðra markaði og er slíkt heimilt samkvæmt reglum þessum.

Við val á mörkuðum fer fram eðlilegt mat á því hvað hentar viðskiptavini best við framkvæmd viðkomandi viðskiptafyrirmæla. Þá er einnig litið til annarra þátta sem kunna að eiga við, svo sem áreiðanleika markaðarins, möguleika hans á að afgreiða flókna fjármálagerninga, gæða og annarra atriða.

Þegar aðeins einn markaður kemur til greina við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er litið svo á að Auður Capital hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglum þessum.

#### **4.2. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða**

Þrátt fyrir þá meginreglu sem sett er fram í grein 4.1. kann Auður Capital að meta aðstæður svo að betri niðurstaða fái fyrir viðskiptavin við framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan skipulagðra verðbréfamarkaða og markaðstorgs fjármálagerninga.

Auður skal meta það heildstætt hvort hagkvæmara sé að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan slíkra markaða eða á þeim.

Samþykki viðskiptavinar sem fylgir þessum verklagsreglum gerir ráð fyrir að viðskiptavinur veiti almennt samþykki fyrir því að Auður Capital framkvæmi viðskiptafyrirmæli í samræmi við verklagsreglur þessar utan skipulegra verðbréfamarkaða og markaðstorgs fjármálagerninga.

5. Truflun á markaði Verði truflun á markaði, eða starfsemi Auðar vegna atvika eins og t.d. rafmagnstruflana og bilana í tölvukerfi getur Auði verið ómögulegt eða óviðeigandi að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. Auður mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína.
6. Meginreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla Fyrirmæli viðskiptavina eru að öllu jöfnu framkvæmd án tafar og í þeirri röð sem þau berast Auði Capital, nema aðstæður séu því til fyrirstöðu eða ef talið er að hagstæðara sé fyrir viðskiptavin að fyrirmæli séu framkvæmd á annan hátt.
7. Samsöfnun pantana Auður Capital getur heimilað fjármálafyrirtæki sem hún kann að miðla fyrirmælum til, að safna saman pöntunum frá Auði Capital og pöntunum annarra viðskiptavina fjármálafyrirtækisins og/eða pantana fyrir eigin reikning fjármálafyrirtækisins. Auður Capital mun úthluta viðskiptavinum sínum úr slíkum samsöfnunum á eðlilegan og sanngjarnan máta.

Ef samsöfnuð pöntun er ekki framkvæmd á sama verði, þá má Auður Capital reikna út það meðalverð sem fékkst í viðskiptunum við úthlutun til viðskiptavina. Að beiðni viðskiptavinar mun Auður Capital láta í té viðeigandi upplýsingar um útreikning á meðalverði.

Samsöfnun pantana getur leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir viðskiptavini í einstökum tilvikum.

8. Eftirlit og endurskoðun reglnanna Auður Capital skal tryggja að eftirlit sé fyrir hendi með framkvæmd verklagsreglna þessara og þess skal gætt að starfsmenn fylgi reglunum í einu og öllu.

Reglur þessar skal endurskoða reglulega og skal Auður Capital greina hvort reglurnar séu nægilega skilvirkar í framkvæmd.

Auði Capital er skylt að meta það reglulega hvort þeir markaðir sem reglurnar gera ráð fyrir að verði nýttir til að framkvæma fyrirmæli leiði til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavini.

9. Upplýsingaskylda Auður Capital skal að beiðni viðskiptavinar geta sýnt fram á að fyrirmæli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við verklagsreglur fyrirtækisins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun Auður Capital skrá niður og/eða geyma á tölvutæku formi allar upplýsingar um viðskiptavini og viðskipti þeirra hjá Auði Capital.

Reglur þessar verða aðgengilegar viðskiptavinum á heimasíðu Auðar Capital: [www.audur.is](http://www.audur.is)

Ef breyting verður á starfsemi Auðar Capital þá koma reglur þessar til endurskoðunar.

Komi til breytinga á þessum verklagsreglum mun Auður upplýsa viðskiptavini sína um það. Með því að birta breyttar verklagsreglur um bestu framkvæmd á heimasíðu Auðar Capitalð telst Auður hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína gagnvart viðskiptavinum sínum samkvæmt þessari grein.

10. Gildistaka Reglur þessar gilda frá og með 7. maí 2008.

F.h. Auðar Capital hf.

---

Kristín Pétursdóttir,

forstjóri